



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

132. fundur skólanefndar

FS haldinn í bóknámshúsi skólans fimmtudaginn 17. mars 1988 kl. 17.00.

Fundinn sátu: Guðmundur Björnsson, formaður, Hjálmar Arnason, skólameistari, Jón Gunnarsson, Bogi Hallgrímsson, Ingimundur Guðnason, Ólafur Eggertsson, Guðjón Kristjánsson, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Stefán Jónsson, fjármálastjóri, Þór Stefánsson, fulltrúi kennara og Hulda Björk Þorkelsdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Reikningar 1987 lagðir fram til samþykktar.

Nokkrar fyrirspurnir og umræða voru um reikningana, en síðan voru þeir samþykktir samhljóða. Skólameistara var falið að kanna hvernig endurskoðun reikninga svipaðra skóla væri háttað.

2. Fjárhagsáætlun 1988.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun 1988 og sagði frá fundi með fjárhagsnefnd SSS, þar sem hún var samþykkt. Allmikil umræða og fyrirspurnir voru um áætlunina. Skólanefnd gerir ekki frekari athugasemdir við fjárhagsáætlun 1988. Skólameistara og aðstoðarskólameistara falið að leggja fram hugmyndir um hugsanleg innkaup sem falla undir stofnkostnað. Fjármálastjóri vék af fundi.

3. Listskreytingamál.

Skólameistari gerði grein fyrir skreytingum í skólahúsnæðinu og störfum listskreytinganefndar skólans. Send var inn ósk um framlag frá Listskreytinganefnd ríkisins. Svar hefur borist frá nefndinni um framlag allt að 290.000 kr. Skólanefnd samþykkir að þessu máli verði framhaldið.

4. Akstursmál.

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir hugmyndum um breytt fyrirkomulag akstur með nemendur. Komið hefur til tals að bjóða út akstur í samráði við grunnskólana. Þetta er í nánari athugun og verður kynnt fyrir SKOSUÐI, Félagi skólastjóra og yfirkennara á Suðurnesjum. Einnig kom fram á fundinum að SSS hafi nýverið skipað nefnd um samgöngumál. Aðstoðarskólameistari vék af fundi.

5. Önnur mál.

a) Skólameistari ræddi um kennararáðningar fyrir næsta vetur og óskaði eftir heimild fundarins til að auglýsa nokkrar kennarastöður. Fundurinn samþykkti það og einnig mælti hann með því að eftirtaldir kennarar fengu endursetningu:

Axel Gísli Sigurbjörnsson
Borgþór Arngrímsson
Kristinn Kristjánsson
Magnús Karlsson
Sara Harðardóttir
Sigríður Bílddal
Sumarrós Sigurðardóttir
Svanhildur Kjær og
Þór Stefánsson.

Af formlegum ástæðum verða umsóknir nokkurra kennara um endurráðningu að bíða þar til síðar.

b) Skólameistari sagði frá því að fjallað hafi verið ítarlega um Tölvuskóla Suðurnesja í fréttum ríkissjónvarpsins s.l. mánudagskvöld. Rétt þykir að áréttu að þetta var ekki formleg opnun skólans, það verður gert síðar með viðhöfn og gefendum afhent þakkarbréf.


c) Skólanefnd samþykkir að styrkja Guðrúnu Erlu Sigurðardóttur, þýskukennara, vegna Þýskalandsferðar með nemendur um kr. 23.000 og nemendahópinn um 10.000. Einnig samþykkir skólanefnd að styrkja stærðfræðikennara til að sækja ráðstefnu um stærðfræðikennslu.

d) Skólameistari kynnti hugmyndir um nýtt fyrirkomulag kennslu í FS á næstu önn, þ.e. stoðkerfi og klukkustunda langar kennslustundir í stað fjörutíu mínútna.

e) Menningarvaka á Suðurnesjum í mars-apríl 1988 kynnt.

Fleira ekki gert, formaður pakkaði mönnum góða fundarsetu og sleit fundi um kl. 19.05.


Guðmundur Björnsson
formaður


Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari

LISTSKREYTINGASJÓÐUR RÍKISINS
c/o Menntamálaráðuneytið
Hverfisgötu 6, 150 Reykjavík

S-40

Samrit til formanns
skólanefndar Fjölbraut-
arskóla Suðurnesja.

Reykjavík, 26. febrúar 1988

Fjölbrautaskóli Suðurnesja
b/t Hjálmars Árnasonar, skólameistara
230 Keflavík

Stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins hefur borist umsókn Fjölbrautaskóla Suðurnesja, dags. 8. þ.m., um framlag úr sjóðnum til listskreytingar í skólahúsinu, samtals 540 þús.kr., er varið verði samkvæmt greinargerð í umsókninni.

Á fundi sjóðsstjórnar í dag var samþykkt fjárframlag, allt að 290 þús.kr., "til myndvefnaðar eftir Ásgerði Búadóttur, enda liggi fyrir áður en til fjárveitingar kemur mynd af verki Ásgerðar."

F. h. s.

Arni Tinnur